

skyldaður til að þola lengri bið í máli þessu en orðin er. Það ber því að synja stefnda um frekari frest í málinu, eins og áfryjandi hefir krafist, og leggja dóm á það eins og því er komið. En þá er ekki annað fyrir hendi en að staðfesta gestaréttardóminn samkvæmt kröfu áfryjanda í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 28. júní.

Nr. 22/1909:

Réttvísín

gegn

Karólinu Gottskálsdóttur.

Dómur:

Með aukaréttardómi Snæfellsness og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 5. marzmán. þ. á., var hin ákærða, Karólína Gottskálsdóttir, dæmd samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 232. gr. 1. málsg., fyrir einfaldan þjófnað framinn í 2. sinn, til að sæta 6×6 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða Ingimundi Péturssyni 5 kr. í iðgjöld og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi

Þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar.

Með eiginni játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, er það löglega sannað, að hún hafi gjört sig seka í afbrotum þeim, sem nú skal greina.

Haustið 1907, er hún var vinnukona í Reykjavík, stal hún 17—18 kr. í peningum frá Sigurlínu Erlendsdóttur, er bjó í húsi því, þar er ákærða átti heima. Tók ákærða peningabuddu Sigurlínu af borði, er stóð fyrir framan rúm hennar, og peningana úr buddunni; eyddi hún peningunum síðan í eigin þarfir. Vorið eftir, í aprilmánuði 1908, stal ákærða 5 kr. í peningum frá húsmóður sinni, Jórunni Magnúsdóttur í Reykjavík; tók hún peninga þessa úr ólæstri kómmóðu Jórunnar og eyddi þeim. Sama vorið stal ákærða 2 gullhringum, steinhring og sléttum gullbaug, frá Guðrúnu Jónsdóttur í Reykjavík; tók hún gullhringana úr diskaslíðri í eldhúsinu í húsi því, þar er Guðrún bjó; hefir öðrum hringnum verið skilað aftur, en ákærða segist hafa kastað hinum hringnum í sjóinn. Skömmu síðar en ákærða framdi þessi þjófnaðarafbrot, fór hún með gufuskipinu Vestu frá Reykjavík til Stykkishólms og stal hún þá á leiðinni kvennúri með perlukeðju frá stúlku, er var henni samferða; tók hún úrið með keðjunni undan kotta stúlkunnar, en þær sváfu í sama herbergi á skipinu. Úrinu og festinni hefir verið skilað aftur eigandanum.

Ákærða er mjög krampaveik; fekk hún oft krampa meðan á rannsókn málsins stóð, og varð að fresta prófunum fyrir þá sök. Það verður þó eigi álitíð, að þessi veikindi hennar hafi nokkur áhrif eða hafi haft á sakhæfi

hennar. Hún hefir áður, með landsyfirréttardómi upp-
kveðnum 4. febr. 1907 verið dæmd fyrir einfaldan þjóf-
að til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og
hefir þessum refsingardómi verið fullnægt. Afbrot þau,
sem ákærða nú hefir gjört sig seka í, eru af héraðsdómaran-
um réttilega heimfærð undir 232. gr. 1. málslið hinna
almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau hæfi-
lega ákveðin af héraðsdómaranum 6×5 daga fangelsi við
vatn og brauð. Með því að ákvæði aukaréttardómsins
um iðgjöld og málskostnað einnig samþykkjast, ber að
staðfesta dóminn í öllum greinum. Ákærða verður og að
greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin
málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skip-
aða verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir
hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði
hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærða
Karólína Gottskáldóttir greiði og allan áfrýjunar-
kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun
til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttar-
málsfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds
Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá löglegri birt-
ing dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt
með aðför að lögum.